Barnið í brennidepli

Skýrsla til Þróunarsjóðs grunnskóla

Trausti Þorsteinsson
Birna Svanbjörnsdóttir
Desember 2003

Efnisyfirlit

1 Inngangur 3
2 Markmið og gildi verkefnisins 5
2.1 Viðfangsefni verkefnisins 5
2.2 Uppeldishættir og persónuleg þróun 6
2.3 Samvinna heimilis og skóla 8
2.4 Niðurstöður íslenskra rannsókna á uppeldi barna og unglinga 11
3 Þarfagreining í Síðuhverfi 13
3.1 Samantekt 22
4 Forvarnarstarf 23
5 Lokaorð 27
6 Heimildir 28

Útdráttur

Vitað er að samfélagslegt umhverfi, viðhorf og umönnun foreldra og samvinna þeirra við skólann og aðrar stofnanir samfélagsins eru afgerandi þættir varðandi líðan, námsárangur og félagslega hegðun barna. Andfélagsleg hegðun virðist aukast í samfélaginu en til að vinna gegn þeirri þróun og efla siðferðismótun er mikilvægt að styrkja tengsl barna, foreldra, kennara og þeirra stofnana samfélagsins sem hafa ábyrgu hlutverki að gegna við uppeldi og nám.

Tilgangur verkefnisins Barnið í brennidepli er einkum að rétta foreldrum þá hjálparhönd sem þeir kalla eftir, þróa starfshætti skóla, félagsþjónustu og annarra stofnana samfélagsins á þann veg að styrkja þá sem best í uppeldishlutverki sínu og draga með þeim hætti úr óæskilegri hegðun barna og unglinga og efla siðgæðisvitund þeirra. Ætlunin er að efla foreldrafræðslu og ráðgjöf með stuðningi frá skólum, félagsþjónustu, heilsugæslu, lögreglu og kirkju og hvetja til samfélagslegrar umræðu um stöðu fjölskyldunnar og gildi fjölskyldulífs í nútíma samfélagi.

Meginmarkmið verkefnisins er að styrkja siðferðismótun og verndarþætti í nánasta umhverfi barna og móta sameiginlega sýn þeirra sem starfa að uppfræðslu og uppeldi. Hún taki til þeirra siðferðilegu og samfélagslegu viðmiða sem þeir eru sammála um að séu góð og gild varðandi framkomu og hegðun.

Ákveðið var að vinna að verkefninu í Síðuhverfi á Akureyri með þátttöku grunnskólans þar og þriggja leikskóla sem grunnþjónustueiningum í hverfinu auk foreldra ásamt með félagsþjónustu, heilsugæslu, lögreglu og kirkju. Til að nálgast verkefnið var gerð þarfagreining meðal foreldra í hverfinu þar sem leitað var upplýsinga um viðhorf foreldra eða forráðamanna barna á aldrinum tveggja til tólf ára til uppeldisaðstæðna. Meginniðurstaða könnunarinnar var sú að gera þarf stofnanirnar sýnilegri í uppeldishlutverki sínu. Foreldrar vilja gjarnan eiga kost á ráðgjöf og fræðslu um uppeldishlutverk sitt og þörf er á að koma á virkari samskiptum foreldra varðandi uppeldishlutverkið. Þá er mikilvægt að skóli og aðrar stofnanir skapi foreldrum aðstæður til að hittast og eiga samræður á þeirra forsendum um uppeldismál og gildi.

1 Inngangur

Skólaárið 2002-2003 úthlutaði Þróunarsjóður grunnskóla styrk til verkefnisins Barnið í brennidepli. Grunnskólar Akureyrar sóttu um styrkinn og var ákveðið að þróa verkefnið í einu skólahverfi í bænum með það í huga að flytja mætti þá þekkingu sem af verkefninu fengist yfir á önnur skólahverfi. Skólaþróunarsvið kennaradeildar HA tók að sér að annast framkvæmd verkefnisins og hófst vinna við það á vorönn ársins 2002.

Í upphafi var lögð áhersla á hugmyndavinnu varðandi heildarnálgun verkefnisins. Til að tryggja fræðilegan grundvöll þess var ákveðið að afla sem gleggstra upplýsinga um sambærileg viðfangsefni, innlend og erlend. Til þessa verks var haustið 2002 ráðin í hlutastarf (research assistant) Birna María Svanbjörnsdóttir kennari og nemi við framhaldsdeild HA. Annaðist Birna fræðilega undirbyggingu verkefnisins og gerð þarfagreiningar meðal foreldra. Til skoðunar var verkefni sem unnin hafa verið í Hafnarfirði og Reykjavík en auk þess voru athuguð verkefni frá Svíþjóð, Írlandi og Ástralíu. Öll hafa þau það sammerkt að henta vel til vinnu með foreldrum og börnum en í sumum þeirra hefur kastljósi verið einkum beint að sérstökum hópum foreldra og barna.

Í umsókn í Þróunarsjóð grunnskóla var greint frá því að ætlunin væri að endurskilgreina umgengnisþætti innan skólasamfélagsins sem einkenna eiga samskiptahætti innan og utan skóla með það að leiðarljósi að auðvelda foreldrum að rækja frumábyrgð sína á uppeldi og menntun barna sinna. Fljótt varð mönnum ljóst að þetta yrði of umfangsmikið verkefni í öllum skólum bæjarfélagsins, sex að tölu. Því var fljótt horfið að því ráði að miða verkefnið einungis við eitt skólahverfi en hafa jafnframt í hyggju að færa þekkingu sem aflaðist yfir til annarra skólahverfa. Fyrir valinu var Síðuhverfi en þar er fjölbreytt íbúðabyggð og aðrar aðstæður ákjósanlegar til að þróa slíkt verkefni. Var skólastjóri Síðuskóla, grunnskólans í hverfinu, mjög áhugasamur um þátttöku í verkefninu. Þá var einnig ákveðið að þrír leikskólar sem í hverfinu eru starfræktir yrðu jafnframt aðilar að verkefninu.

Stofnað var til stýrihóps verkefnisins en í honum áttu sæti fulltrúar ýmissa stofnana sem að uppeldi og fræðslu barna og ungmenna koma en verkefnið skyldi m.a. lúta að því að samræma starf þessara stofnana í því að styrkja foreldra í hlutverki sínu. Þá var leitað samstarfs við foreldrafélög í Síðuhverfi við gerð þarfagreiningar og

lásu fulltrúar félaganna yfir spurningalista og gerðu sínar athugasemdir og komu með ábendingar.

Í skýrslu þessari verður gerð grein fyrir vinnu við verkefnið á skólaárinu 2002-2003. Gerð verður grein fyrir hugmyndafræðilegri afmörkun þess og jafnframt niðurstöðum úr þarfagreiningu sem gerð var meðal foreldra í Síðuhverfi á Akureyri sem höfð verður til grundvallar mótunar sýnar í frekari vinni við verkefnið og áhersluþátta í framkvæmd þess. Áformað er að áfram verði unnið að verkefninu á þessu skólaári og því næsta.

2 Markmið og gildi verkefnisins

Vitað er að samfélagslegt umhverfi, viðhorf og umönnun foreldra og samvinna þeirra við skólann eru afgerandi þættir varðandi líðan, námsárangur og félagslega hegðun barna. Andfélagsleg hegðun virðist hafa aukist í samfélaginu en til að vinna gegn þeirri þróun er mikilvægt að styrkja tengsl barna, foreldra, kennara og þeirra stofnana samfélagsins sem hafa ábyrgu hlutverki að gegna við uppeldi og nám.

Tilgangur verkefnisins *Barnið í brennidepli* er einkum að rétta foreldrum þá hjálparhönd sem þeir kalla eftir, þróa starfshætti skóla og annarra stofnana á þann veg að styrkja sem best foreldra í uppeldishlutverki sínu og draga með þeim hætti úr óæskilegri hegðun barna og unglinga og efla siðgæðisvitund þeirra. Ætlunin er að efla foreldrafræðslu og ráðgjöf með stuðningi frá skólum, kirkju, félagsþjónustu, heilsugæslu og lögreglu og hvetja til samfélagslegrar umræðu um stöðu fjölskyldunnar í nútíma samfélagi.

Meginmarkmið verkefnisins er að styrkja verndarþætti í nánasta umhverfi barna og móta sameiginlega sýn þeirra sem starfa að uppfræðslu og uppeldi. Hún taki til þeirra samfélagslegu viðmiða sem þeir eru sammála um að séu góð og gild varðandi framkomu og hegðun.

2.1 Viðfangsefni verkefnisins

Gert er ráð fyrir því að hver einstaklingur búi annars vegar við vernd og hins vegar við áhættu og að það megi finna bæði verndar- og áhættuþætti á mörgum stigum, þ.e. hjá einstaklingnum sjálfum, í nánasta umhverfi hans, s.s. innan fjölskyldunnar, í umhverfi sem er honum aðeins fjær, s.s. í skólanum og hjá félögunum, en einnig í umhverfi sem er ennþá fjær, s.s. í samfélaginu eða menningunni. Það sem ræður úrslitum um hvernig einstaklingnum vegnar fer eftir því hvor vogarskálin vegur þyngra, sú sem geymir samanlagða áhættuþætti á mismunandi stigum eða sú sem geymir samanlagða verndarþætti (Sigrún Sveinbjörnsdóttir óbirt grein 2003). Þessir þættir eru taldir geta haft áhrif á þróun heilsu- og hegðunarvandamála hjá einstaklingum þegar þeir eldast. Víðtæk vernd í æsku er talin auka líkur á að börn og ungmenni geti tekist á við mótlæti þegar fram líða stundir, jafnvel þegar mótlætið birtist óvænt og er óverðskuldað (Beinart o.fl. 2002:2-6).

Samtvinnun erfða og umhverfis eru talin hafa grundvallaráhrif á persónulegan þroska einstaklings. Sum börn eru þrautseigari en önnur frá náttúrunnar hendi og búa þannig yfir persónulegum verndarþætti. Í nánasta umhverfi barns eru það fyrst og fremst foreldrar og fjölskylda sem skipta mestu máli í lífi þess en einnig hefur samneyti við aðra fullorðna, einkum kennara mikil áhrif, svo og tengsl við jafnaldra (Eggen og Kauchak 2002:82). Það getur haft varanleg áhrif á tilfinningalíf barna hvernig foreldrar koma fram við þau í uppvextinum, hvort foreldrarnir beita börnin hörðum aga eða sýna þeim nærgætni og hlýju (Goleman 2000:193). Þar sem í þessu verkefni er stefnt að því að styrkja foreldra í foreldrahlutverkinu er hér sjónum einkum beint að foreldrum sem mikilvægum verndar- eða áhættuþætti í lífi barna og ungmenna. Hér á eftir verður greint frá mismunandi uppeldisháttum foreldra, persónulegri þróun barna, samvinnu heimilis og skóla og í lok niðurstöðum íslenskra rannsókna á uppeldi barna og áhrifum þeirra.

2.2 Uppeldishættir og persónuleg þróun

Rannsóknir hafa leitt líkum að því að vissir uppeldishættir skapi heilbrigðari persónulega þróun hjá börnum en aðrar (Baumrind 1971, 1973 og 1987, hér tekið eftir Baumrind 1991:62-63) og að áhrifin af þeim geti varað fram á unglingsár og haft áhrif á námsárangur, áhugahvöt þeirra og samband við kennara (Strage og Brandt 1999). Greinst hefur að minnsta kosti tvenns konar mikilvægur mismunur í samskiptum foreldra við börnin sín hvað varðar væntingar foreldranna og ábyrgð (*responsiveness*). Sumir foreldrar vænta mikils af börnum sínum og gera til þeirra kröfur á meðan aðrir vænta lítils eða jafnvel einskis af börnum sínum og reyna sjaldan að hafa áhrif á þau. Ábyrgðarfullir foreldrar viðurkenna þarfir barna sinna og eru í stöðugum samskiptum við þau meðan óábyrgir foreldrar hafa tilhneigingu til að hafna börnum sínum eða gera til þeirra óraunhæfar kröfur og eru neikvæðir. Ef foreldrar eru óábyrgir bregðast börn oft við í uppreisn þegar þau standa frammi fyrir miklum kröfum og finnst þær óréttlátar eða ágengar (Eggen 2001:83).

Baumrind (1991:62) rannsakaði hvernig uppeldishættir foreldra tengdust ýmsum þroskaþáttum barnanna. Við þessar rannsóknir var litið á hvernig foreldrar stjórnuðu börnunum, hvaða þroska-, félagslegar- , tilfinningalegar- og vitsmunalegar kröfur foreldrar gerðu til barna sinna, hvernig skýringar þeir notuðu í samskiptum við börn sín og hvort hlýja og hvatning einkenndu samskiptin. Út frá þessu var foreldrum

skipt í fjóra flokka eftir því hvaða uppeldishættir einkenndu þá helst. Þessir flokkar eru: Leiðandi foreldrar (*authoritative*), skipandi foreldrar (*authoritarian*), eftirlátir foreldrar (*permissive*) og afskiptalausir foreldrar (*rejective-neglective*).[1]

Leiðandi foreldrar eru ákveðnir en hlýir. Þeir útskýra ástæður fyrir reglum og eru samkvæmir sjálfum sér. Þeir vænta ábyrgrar hegðunar af börnum sínum. Rannsóknir sýna að börn þeirra hafa gjarnan hátt sjálfsmat, þau eru örugg, tilbúin til að taka áhættu og þeim gengur vel í skóla. Skipandi foreldrar eru streitusæknir, fjarlægir, útskýra ekki reglur og hvetja ekki til munnlegra samskipta þar sem tekið er tillit til þess að gefa og þiggja. Börn þeirra eru gjarnan hlédræg/óframfærin, hafa meiri áhyggjur af að gera foreldrum sínum til geðs en að leysa vandamálin. Þau geta orðið ögrandi og vantað samfélagslega færni. Eftirlátir foreldrar gefa börnum sínum algjört frelsi. Þeir hafa takmarkaðar væntingar og gera litlar kröfur til barna sinna en eru þó hlýir. Börn þeirra eru óþroskuð, hafa síður stjórn á sér og hætta er á hvatvísi. Afskiptalausir foreldrar vanrækja börn sín, hafa litinn áhuga á lífi þeirra og hafa litlar væntingar. Börn þeirra vantar sjálfsstjórn og langtímamarkmið. Þau verða auðveldlega örvingluð og eru óhlýðin (Baumrind 1991; Bee 2000; Eggen og Kauchak 2001).

Leiðandi foreldrar virðast ná bestum árangri í að efla heilbrigða persónulega þróun hjá börnum sínum. Börn þurfa áskorun, formgerð og stuðning í lífinu sem leiðandi foreldrar veita þeim. Börn hinna foreldrategundanna geta endað í erfiðleikum með persónulegan þroska. Skipandi foreldrar eru strangir og virðast óhæfir í umönnunarsamræðum við börnin sín. Eftirlátir foreldrar eru tilfinningalega ábyrgir en mistekst í samræðum og að gera raunhæfar væntingar. Afskiptalausir foreldrar eru afskiptalausir og gefa hvorki formgerð né tilfinningalegan stuðning (Eggen og Kauchak 2001:83). Börn foreldra sem þekkja eigin tilfinningar, búa yfir tilfinningalegri hæfni og sýna börnunum blíðu, eru vinsælli meðal jafningja og eiga síður við hegðunarvandamál að stríða en börn hinna sem ekki eru þessum eiginleikum gæddir. Að auki ná börn fyrrnefndu foreldranna almennt betri námsárangri burtséð frá greindarvístölu þeirra (Goleman 2000:194-195).

Foreldri sem hlúir að og hvetur til sjálfstæðis og hlutdeildar barns síns og hefur skýrar reglur og væntingar heima sem að heiman stuðlar að heilbrigðum skilningi á sjálfsstjórn og samkeppni hjá barninu. Einstaklingum er mikilvægt að

[1] Þýðing Sigrúnar Aðalbjarnardóttur og Leifs Geirs Hafsteinssonar (1998:86).

tilheyra einhverjum hópi og þeir eru líklegir til að tileinka sér markmið og gildi þeirra sem mæta þessum þörfum þeirra (Grolnick o.fl. 1999:6-7; Wentzel 1999:61). Heilbrigt samband foreldris og barns styður einnig við þróun á persónulegri ábyrgð, getunni til að hafa stjórn á sínum eigin gerðum byggðum á þróunargildum og markmiðum (Eggen og Kauchak 2001:83).

Aðrir fullorðnir, oftast kennarar, hafa líka áhrif á persónulega þróun og sjálfskennd barna. Víxlverkunarform kennara er svipað og foreldranna og lýsingin á áreiðanlegum foreldrum líkist mjög stjórnunaraðferðum árangursríks kennara. Afburðakennari er rólegur, eftirtektarsamur, talar lágt, sýnir hlýlegt viðmót og er óragur við að sýna tilfinningar sínar. Hann þekkir sjálfan sig og beitir agastjórn í formi samræðna (Doyle 1986:399-400; Kristín Aðalsteinsdóttir 2002:8 og 10). Þeir kennarar hafa miklar væntingar til nemenda sinna en eru samtímis hlýir og styðjandi. Þó að tími þeirra með nemendum sé takmarkaður geta þeir haft mikil áhrif á persónulega þróun nemandans (Eggen og Kauchak 2001: 84).

Að foreldrum og kennurum upptöldum eru jafnaldrar þriðji hópurinn sem styður persónulega þróun hjá börnum og hefur áhrif á hana á tvo vegu. Ungt fólk þjálfar samfélagslega færni sína með því að stofna til vinskapar. Nemendur sem eru viðurkenndir samfélagslega og njóta stuðnings frá jafnöldrum eru hamingjusamari, virkari, gengur betur og hafa heilbrigðari sjálfsvitund en þeir sem fá minni stuðning (Wentzel 1999:63). Höfnun meðal jafnaldra getur valdið einmanaleika, einangrun, lélegum námsárangri hjá börnum og jafnvel brottfalli úr skóla (Eggen og Kauchak 2001:84).

2.3 Samvinna heimilis og skóla

Bee (2000:388) bendir á eftir Steinberg (1991) að fjölskyldumynstrið sé flóknara en svo að það nægi að líta eingöngu á hina fjóra sígildu uppeldishætti foreldra án samhengis við annað í umhverfinu. Til dæmis skapi leiðandi foreldrar ekki aðeins góðan heimilisanda sem þar með styður og hvetur barnið á ákjósanlegan hátt heldur hagi þeir sér öðruvísi gagnvart skóla barnsins en aðrir foreldrar. Þeir eru líklegri en aðrir til að taka virkan þátt í skólastarfinu og vera í sambandi við kennarana. Sambland af þessum þáttum, þ.e. leiðandi uppeldisháttum og samvinna við skólann er það sem skilar bestum árangri fyrir barnið.

Grunneining samfélagsins byggir nú fremur á einstaklingnum en fjölskyldum og heimilum eins og áður var og foreldrar hafa það hlutverk meira en fyrr að örva börn sín og fylgjast með þroska þeirra (Frønes 1994:147; Guðrún Jónsdóttir og Sigurður Snævarr 1987:183-184). Þar sem stofnanir vinna nú ýmis verk sem fjölskyldan gerði áður og fjölskyldan er ekki lengur talin sjálfbjarga á vissum sviðum þá er hætta á að hún missi trú á eigin hæfni og verði ófær um að takast á við verkefni sem henni ber að sinna (Jón Björnsson 1994:117).

Kannanir síðustu ára hafa sýnt að hægt er að bæta námsárangur nemenda með því að fá foreldra til að styðja við nám þeirra og þá skiptir ekki máli hvaða menntun, tekjur eða þjóðfélagslega stöðu foreldrarnir hafa (Bloom 1986:6). Komið hefur fram í rannsóknum á samstarfi heimila og grunnskóla að sterk tengsl séu milli námsárangurs og þátttöku foreldra. Einnig hefur það sýnt sig að aukinn áhugi skólans á námsgengi nemenda sinna auk stuðnings frá foreldrum skili sér bæði í betri líðan nemenda og betri námsframmistöðu (Epstein 1995; Hickman o.fl. 1995:127-128; Wang o.fl. 1990:37). Miklu máli skiptir hvort foreldrarnir líta á sig sem áhrifavalda eða ekki og hvernig aðferðum þeir beita. Þeir foreldrar sem telja sig geta haft áhrif eru líklegri til að taka þátt í námi barna sinna, þeir skapa tilfinningalegan og samfélagslegan stuðning við barnið innan skólaumhverfisins og öðlast samtímis mikilvæga færni sem þeir geta fært inn á heimilið. Auk þess er lykilatriði hvaða aðferðum kennari beitir til að virkja foreldrana til samstarfs (Epstein 1995; Pelletier og Brent 2002:46-48 og 56).

Það hvaða sýn skólarnir hafa á börnin endurspeglast í því hvernig þeir líta á foreldrana. Ef kennarar líta á börnin sem nemendur einungis er líklegt að þeir aðskilji foreldrana frá skólanum, finnist þeir eigi að sinna sínu og láta skólana um menntun barnanna. Ef kennararnir líta hins vegar þannig á börnin að þeim beri skylda til að sinna á uppeldisfræðilegan hátt en ekki bara menntunarlegan er líklegra að þeir líti bæði á foreldrana og samfélagið sem samstarfsaðila skólans til að mennta og þroska nemendurna (Epstein 1995).

Eins og rannsóknir hafa sýnt eru raunverulegar sannanir fyrir því að foreldrar geta skipt sköpum í námsþróun barna og að hægt er að fá foreldra með og styrkja þá á margvíslegan hátt í að gegna stærra hlutverki og það þarf ekki að vera svo dýrt (Fullan og Stiegelbauer 1991).

Í hinum vestræna heimi er ríkjandi það viðhorf að notendur opinberrar þjónustu eigi að geta haft áhrif á þjónustuna, sérstaklega ef hún snertir daglegt líf

notandans s.s. þjónusta skóla og heilsugæslu. Því meiri áhrif sem notandi getur haft þeim mun meiri árangurs má vænta af starfseminni (Elísabet Svavarsdóttir og Ólafur Guðmundsson 1996:21). Á Íslandi er gert ráð fyrir því að samstarfið um skólastarfið í heild eigi að fara fram á vegum foreldrafélaga. Þar eru mótaðar leiðir til að foreldrar fái tækifæri til áhrifa á skipulag og áherslur í skólastarfinu (Lög um grunnskóla 1995:35. gr.). Mikilvægt er að skólar styðji foreldra í því að auka færni þeirra til að hjálpa börnum sínum við heimanám, mætti í því sambandi nefna foreldranámskeið, verkstæði og umræðuhópa (Elísabet Svavarsdóttir og Ólafur Guðmundsson 1996:27).

Gerð var könnun um viðhorf foreldra til samstarfs heimila og skóla í tveimur skólum í Kópavogi skólaárið 1994-1995. Forsvarsmönnum foreldrafélaganna í tilteknum skólum var kynnt könnunin áður en hún var framkvæmd. Helstu niðurstöður hennar eru þær að um 92% aðspurðra foreldra telur samstarf milli heimila og skóla skipti miklu eða mjög miklu máli en jafnstórum hluta þeirra finnst þeir hafa lítil sem engin áhrif á skólastarfið. Ríflega helmingur foreldra hafði aldrei haft samband við skólann utan hefðbundinna foreldradaga eða funda yfirstandandi skólaárs og enn færri eða um 35% höfðu haft samband út af öðru en námi og einungis 3% höfðu oft haft samband (Elísabet Svavarsdóttir og Ólafur Guðmundsson 1996:7-9, 6 og 24 í viðauka).

Aðrar stofnanir sem styðja foreldra með ýmsum hætti eru heilsugæslan, félagsþjónustan, kirkjan og lögreglan. Nýja barnið er þverfaglegt fjölskylduverndar-verkefni unnið á vegum heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri sem viðbót við hefðbundna mæðra- og ungbarnavernd. Unnið er að því að hjálpa foreldrum að mynda heilbrigð og sterk tilfinningatengsl við barn sitt strax við fæðingu til að byggja á síðar meir. Miðað er að því að auka foreldrahæfni og efla alhliða heilbrigði fjölskyldunnar. Komið hefur í ljós að um 30-40% barnshafandi kvenna hafa þörf fyrir aukinn stuðning, áfallaúrræði eða meðferðarúrræði (heilsugæslustöðin á Akureyri 2003). Innan félagsþjónustunnar er deild sem nefnist fjölskyldudeild. Þar veitir ýmiskonar fagfólk fjárhagsaðstoð, félagslega ráðgjöf og styrkir uppeldishlutverk fjölskyldunnar til að tryggja börnum viðunandi uppeldisskilyrði (Fjölskyldudeild Akureyrarbæjar 2003). Kirkjan heldur uppi æskulýðs- og kórastarfi og sunnudagaskóla fyrir börnin. Að auki eru í boði á vegum kirkjunnar mömmu- eða foreldramorgnar þar sem foreldrum gefst kostur á að koma með börn sín, hitta aðra foreldra og börn, spjalla almennt. Að auki eru af og til fengnir inn fyrirlesarar sem fræða um eða kynna ýmis málefni sem foreldrar óska eftir og tengist foreldrahlutverkinu. Lögreglan sinnir

umferðafræðslu og ýmsu forvarnarstarfi inni í skólunum og hefur eftirlit með útivistartímum.

2.4 Niðurstöður íslenskra rannsókna á uppeldi barna og unglinga

Á 9. áratugnum var gerð samanburðarrannsóknin Barnæska og samfélags-umbreytingar á Norðurlöndum *(BASUN)* þar sem skoðuð voru viðhorf, samskiptamynstur, siðvenjur í hversdagslífinu og inntak í samskiptum fimm ára gamalla barna við foreldra sína. Samkvæmt henni virðist vera mjög lítill stéttarmunur í uppeldisháttum á Íslandi og virðast viðhorf, uppeldishættir og samskipti íslenskra foreldra við börn sín líkjast því sem á sér stað meðal verkamannafjölskyldna í úrtökum hinna landanna. Foreldrar barnanna í íslenska úrtakinu létu minna með börn sín en hinir foreldrarnir og frumkvæðið að samskiptum foreldra og barna var á Íslandi mun oftar tekið af börnunum sjálfum en foreldrum þeirra. Íslenskir foreldrar áttu erfiðara með að gera grein fyrir daglegum athöfnum barna sinna en foreldrar barnanna í hinum löndunum og virtust almennt minnst barnamiðaðir af norrænu foreldrunum. Annað atriði sem einkennandi var fyrir Ísland var hversu mikill kynjamunur var á þátttöku í uppeldi. Íslensku börnin virtust njóta samvista við feður sína af skornum skammti (Baldur Kristjánsson 2003).

Svo virðist sem menntun foreldra og búseta hafi ekki afgerandi áhrif á andfélagslega hegðun unglinga heldur eru tengsl unglinganna við foreldrana, skólann og vinina það sem vegur þyngra ef marka má niðurstöður rannsókna Þórodds Bjarnasonar o.fl. (2000) og Þórólfs Þórlindssonar (1998). Hins vegar virðist menntun foreldra skipta máli þegar um reykingar eða áfengisneyslu er að ræða. Eftir því sem foreldrar hafa hlotið minni menntun er líklegra að unglingar reyki daglega eða hafi orðið ölvaðir síðast liðna 30 daga. Þeir unglingar sem sýna andfélagslega hegðun eru líklegri til að hafa minni tengsl við hefðbundnar samfélagslegar stofnanir eins og fjölskyldur og skóla. Þeir unglingar sem fremja ofbeldi virðast eiga erfiðara með að fá hlýju og umhyggju frá foreldrum sínum, álíta það skipta minna máli að geta talað við foreldra sína um allt mögulegt og eyða minni tíma með þeim um helgar en þeir unglingar sem ekki beita ofbeldi (Þóroddur Bjarnason o.fl. 2000:27-47; Þórólfur Þórlindsson 1998:109).

Niðurstöður úr rannsókn Þórólfs Þórlindssonar o.fl. (1998:138) benda til þess að áhrif fjölskyldunnar á vímuefnaneyslu ungs fólks séu margþætt. Eftirlit, aðhald og

stuðningur foreldranna skiptir miklu máli varðandi vímuefnaneyslu ungs fólks og einnig hversu miklum tíma það ver með foreldrum sínum. Því meiri tíma sem börnin og unglingarnir verja með foreldrum sínum því minni líkur eru á því að þeir fari að reykja eða leiðist út í annars konar vímuefnaneyslu og þá skiptir ekki öllu máli hvert innihald samskiptanna er. Rannsókn á vímuefnaneyslu unglinga á Akureyri 2002 (Svandís Nína Jónsdóttir o.fl. 2002:8-9) gefur til kynna að því betri sem tengsl ungmenna séu við foreldra þeim mun meiri líkur séu á að þeim vegni vel í skólanum og þau leiðist síður til andfélagslegrar hegðunar. Ef tengsl foreldra og barna rofna verður erfiðara fyrir skólana og tómstundafélögin að vinna gegn þeim áhrifum sem ungmennin verða fyrir annars staðar frá.

Eins og segir hér að framan þá virðast leiðandi foreldrar ná bestum árangri í að efla heilbrigða persónulega þróun hjá börnum sínum og börn þeirra virðast síður fara að reykja en börn foreldra sem beita annars konar uppeldisaðferðum. Þessi hópur foreldra skipaði hins vegar ekki nema annað sætið á eftir afskiptalausum foreldrum í rannsókn Sigrúnar Aðalbjarnardóttur og Leifs Geirs Hafsteinssonar (1998:88-92) á reykingum unglinga sem fyrr greinir frá. Þar voru 14 ára unglingar 248 talsins en þegar foreldrum þeirra var skipt í uppeldishættina fjóra samkvæmt Baumrind töldust ekki nema 86 til leiðandi foreldra, 34 til skipandi, 27 voru eftirlátir og 101 afskipta-lausir. Þetta eru heldur ógnvænlegar tölur fyrir íslenska foreldra, ef sannar reynast.

Sigrún Júlíusdóttir vill þó meina að margt bendi til að ný gildi og áherslur séu að mótast í íslensku samfélagi. Ungt fólk virðist nú fremur skipuleggja fjölskyldu-myndun en áður og sækir jafnvel fjölskylduráðgjöf og fræðslu um hvernig best skuli staðið að málum. Svo virðist sem sterk utanaðkomandi samfélagsöfl hafi deyfandi áhrif á eðlislæga foreldrahvöt og fá þá leiðsögn og stuðningur aukið vægi (2003).

3 Þarfagreining í Síðuhverfi

Í íslensku samfélagi virðist vera fremur fátt sem býr foreldra undir foreldrahlutverkið. Hvorki er mikil fræðsla í boði um þroska og uppvöxt barna, né um samskiptaform og uppeldisaðferðir í lýðræðisanda. Samfélagið virðist ekki bjóða foreldrum þjónustu fyrr en í óefni er komið og erfitt er að bæta í stað þess að vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum.

Sýnt hefur verið fram á að uppeldishættir leiðandi foreldra eru vænlegastir til árangurs. Einnig benda rannsóknir til að samstarf heimilis og skóla skili sér í bættum námsárangri og betri líðan barna og unglinga og að börn, sem hafa mikil samskipti við foreldra sína og finna frá þeim hlýju og traust, beita síður ofbeldi og eru ekki eins líkleg til að reykja og neyta áfengis og þau sem ekki njóta þessa. Rannsóknir á uppeldi og ábyrgð íslenskra foreldra undanfarin ár benda hins vegar til að þeir láti minna með börn sín en foreldrar annars staðar á Norðurlöndum og ekki nema um þriðjungur foreldra í könnun Sigrúnar og Leifs (1998:88-92) á reykingum unglinga töldu sig eiga leiðandi foreldra en mun fleiri töldu foreldra sína afskiptalausa. Þessar niðurstöður renna stoðum undir mikilvægi þess að efla tengsl milli foreldra og barna annars vegar og milli heimila, skóla og annarra stofnana samfélagsins hins vegar til að koma í veg fyrir andfélagslega hegðun og ofbeldi meðal unglinga.

Athygli vekur að íslenskir foreldrar virðast nota þessar uppeldisaðferðir í tiltölulega litlum mæli miðað við foreldra barna annars staðar á Norðurlöndum og gerir það þörfina á því að efla og styrkja foreldrana hér á landi enn brýnni svo að þeir geti unnið með börnin sín á uppbyggilegan hátt.

Sem undirbúningur að verkefninu „Barnið í brennidepli" var gerð könnun eða þarfagreining á viðhorfum foreldra barna í Síðuhverfi á Akureyri til uppeldismála og áliti þeirra á afskiptum hinna ýmsu stofnana samfélagsins af uppeldismálum, hvort þeir vildu aðstoð í foreldrahlutverkinu og þá með hvaða hætti.

Spurningalistar voru sendir til 180 foreldra/forráðamanna 4-12 ára barna (árgangar 1999-'91) í Síðuhverfi í maí 2003. Úrtakið var þannig gert að valin voru af handahófi nöfn 20 barna úr hverjum árgangi í skólunum, 10 drengir og 10 stúlkur. Heimtur voru 131 spurningalisti eða 72,2%. Nokkuð svipaður fjöldi svara var frá öllum árgöngunum, þó fæst frá árgangi 1997, 11 talsins eða 55% (8,4% af heild) og flest frá árgangi 1991, 17 talsins eða 85% (13,2% af heild). Svör komu frá foreldrum 75

stúlkna (57,3% heildarsvara) og 56 drengja (42,7% heildarsvara). Þátttaka foreldra/forráðamanna drengja er því nokkru lakari en stúlkna (Mynd 1).



Mynd 1. Þátttaka foreldra eftir kyni barns.

Hjá 91 svarenda (69,5 %) voru 2-3 börn á heimilinu að staðaldri, í 4 (1,5 %) tilfellum voru börnin fleiri en fjögur. 100 (76,3%) börn búa hjá báðum foreldrum, 20 (15,3%) börn búa hjá móður,1 (0,5%) barn býr hjá föður og 10 (7,6%) börn hjá móður og stjúpföður. Í 97,7% tilvika var íslenska móðurmál barns og í einungis 4% tilvika var annað mál en íslenska töluð heima. Mæður voru langoftast með í að svara spurningalistanum eða 130 (99,2%) tilfellum. Í 27 tilfellum (20,6%) svöruðu móðir og faðir, í einu tilfelli (0,8%) eingöngu faðir og í einu tilfelli (0,8%) móðir og stjúpfaðir. Meðalaldur svarenda var 37 ár (fæddir ár 1966). Yngsti svarandinn var 24 ára (fæddur 1979) og sá elsti 60 ára (fæddur 1943).

Flestir þátttakenda í könnuninni eða 47 (35,9 % þeirra er svöruðu spurningunni) höfðu aðeins grunnskóla-nám að baki (sjá mynd). Framhaldsskólanámi af einhverju tagi höfðu 34 (26,0 %) þátttakendur lokið, 9 (6,9 %) höfðu iðnnám að baki, 26 (19,8 %) háskólanám og 14 (10,7 %) annað ótilgreint nám. Aðeins einn (0,8%) þátttakenda svaraði ekki spurningunni (Mynd 2).



Mynd 2: Menntun foreldra.

Hér að ofan er miðað við svaranda nr. 1. Eftirfarandi á við meðsvarendur: 5 (3,8%) hafa lokið grunnskólanámi, 5 (3,8%) hafa lokið framhaldsskólanámi, 9 (6,9%) hafa lokið iðngreinanámi, 5 (3,8%) hafa lokið háskólanámi, 4 (3,1%) hafa lokið öðru námi. Flestir þeirra er svöruðu spurningalista, eða 42 svarendur (32,1%) unnu úti minna en 8 stunda vinnudag. 34 svarendur (26%) unnu átta stunda vinnudag úti og 26 (19,8%) voru heimavinnandi (Tafla 1).

Tafla 1: Atvinna foreldra eða forráðamanna.

	Svarandi		Meðsvarandi	
	Fj.	%	Fj.	%
Heimavinnandi	26	19,8%	4	3,1%
Atvinnulaus	2	1,5%	4	3,1%
Öryrki	3	2,3%	5	3,8%
Átta stundir	34	26,0%	5	3,8%
<8 st. dag	42	32,1%	3	2,3%
Dag- og yfirv.	9	6,9%	15	11,5%
Kvöld- og helgar	4	3,1%	5	3,8%
Langar fjarv. frá heimili	2	1,5%	4	3,1%
Reglul. vaktav.	6	4,6%	3	2,3%
Óreglul. vaktav.	3	2,3%	3	2,3%
Nemi	9	6,9%	2	1,5%

Ekki fengust mörg svör við því hvernig hinn forráðamaðurinn ynni þegar hann var ekki með að svara en af þeim sem svarað var fyrir voru 4 (3,1%) atvinnulausir, 9 (6,9%) unnu átta stunda vinnudag, 1 (0,8%) vann minna en átta stunda vinnudag, 33 (25,2%) unnu dag- og yfirvinnu, 5 (3,8%) unnu kvöld- og helgarvinnu, 14 (10,7%) voru langar fjarvistir frá heimili, 6 (4,6%) unnu reglulega vaktavinnu og 1 (0,8%) var nemi.

Almennt telja foreldrar að börnum þeirra líði mjög vel eða nokkuð vel í frítíma sínum (95,5%). Þá telja foreldrar í 90% tilfella að börnum þeirra líði mjög vel eða nokkuð vel í skólanum (Mynd 3). Engan marktækan mun er að sjá að þessu leyti milli kynja. Athyglisvert er þó að eftir því sem lengra líður á skólagönguna virðist ánægja nemenda minnka þó ekki sé sagt að nemendum líði illa í skóla og er munur marktækur. Þeim sem líður sæmilega eða ekki nógu vel verða að mati foreldra fyrir einelti, lenda í átökum í frímínútum eða líkar ekki kennsluaðferðir kennara.



Mynd 3: Líðan nemenda í skóla.

Þó að 100 svarendur (76,3%) telji aðstæður til uppvaxtar varðandi íþróttir í bænum mjög eða frekar góðar kemur fram það sjónarmið hjá mörgum að æfingagjöld séu of há, að bærinn þyrfti að greiða gjöldin meira niður og aðstaða í hverfinu sé ekki nógu góð (Mynd 4).



Mynd 4: Afstaða til uppvaxtarskilyrða.



Mynd 5: Uppvaxtarskilyrði m.t.t. lista.

69 (50,9%) svarendur telja aðstæður til uppvaxtar í bænum m.t.t. lista (tónlistar, myndlistar og leiklistar) mjög eða frekar góðar en margir kvarta yfir löngum biðlistum í tónlistarskóla og vilja tónlistarnámið inn í grunnskólana. Einnig finnst fólki tónlistarnámið og dýrt. Bent er á lítið framboð til leiklistar (Mynd 5).

96 svarendur (73,3%) telja aðstæður til uppvaxtar í bænum m.t.t. útivistar (leikja, hjólreiða og gönguferða) mjög eða frekar góðar en bent er á skort á leikvöllum, opnum grænum svæðum og hjólreiðastígum. Ekki er óánægja með aðstæður til uppvaxtar í bænum almennt því 120 svarendur (91,6%) telja þær mjög eða frekar góðar. Þeir sem ekki telja þær ekki nógu góðar benda á óstöðugleika fyrirtækja og að unglingar séu erfiðir og tillitslausir í dag (Mynd 6).



Mynd 6: Uppvaxtarskilyrði m.t.t. útivistar.

Mikill meirihluti foreldra, eða 118 svarenda (90%), telur sig geta stutt mjög vel eða frekar vel við félagslegan þroska hjá barni sínu og 7,6% telja sig geta það sæmilega. Mikill meirihluti svarenda taldi sig örugga um hvernig þeir ættu að bregðast við þegar það og barnið þeirra greindi á um eitthvað. 86,2% svarenda sögðu sig alltaf eða oft öruggt um það (Mynd 7).



Mynd 7: Úrlausn ágreinings.

Nærri fimmtungur foreldra/forráða-manna, eða 24 (18,3%), segjast ekki leita ráða um uppeldismál. 26 þeirra (19,8%) kváðust leita ráða í bækur og 15 (11,5%) leituðu til skólans. Mun minna var um að fólk leitaði til ráðgjafa (6,1%), í tölvu (6,1%) eða í tímarit (4,6%) (mynd). Flestir töldu sig leita ráða annað en uppgefið var í svarmöguleikum, eða 39 svarendur (29,8%), og nefndu flestir í því sambandi vini, foreldra, maka og ættingja (Mynd 8).



Mynd 8: Hvert foreldrar sækja ráð.

Skilgreining foreldra á því hvað valdið geti andfélagslegri hegðun hjá börnum var áberandi fólgin í orðunum vanlíðan, agaleysi, athyglisskortur, erfiðar heimilis-aðstæður, tímaleysi foreldra og slæmar uppeldisaðferðir. Einnig var bent á að slík hegðun gæti stafað af stríðni, einelti, athyglisbresti, ofvirkni, slökum námsárangri og slæmum félagsskap.

68% svarenda telja sig þekkja nánustu vini barns í skóla mjög vel eða vel og 26% segjast þekkja þá aðeins (hafa talað við þá). Hins vegar þegar að frítíma kemur virðast foreldrar þekkja betur til vina barna sinna en 84% þeirra telur sig þekkja nánustu vini barnsins í frítíma mjög vel eða vel. Það er athyglisvert fyrir skólann að foreldrar svara því til að þeir þekki fremur lítið til foreldra nánustu skólavina barnsins síns. Aðeins 32,8% svarenda telur sig þekkja mjög vel eða vel til þeirra og er mjög marktæk fylgni ($p<0,001$) milli þess hversu vel foreldrar telja sig þekkja nánustu skólavina barnsins og foreldra þeirra. 45,8% svarenda telur sig þekkja foreldra nánustu skólavina barnsins Þegar kemur til frítímans breytist þetta algjörlega því 84% svarenda telur sig þekkja mjög vel eða vel nánustu vini barnsins í frítímanum og 62,6% foreldra telur sig þekkja mjög vel eða vel til foreldra þeirra. Hér er fylgni á sama hátt mjög marktæk ($p<0,001$).

Samskipti foreldra almennt við foreldra vina barnsins eru ekki ýkja mikil en 6,9 % foreldra segjast hafa dagleg samskipti við þá, 27,5% þrisvar í viku og 33,6%

mánaðarleg samskipti. Þessi samskipti virðast í flestum tilfellum tilviljanakennd (60,3%) og 37,4% svarenda segja þau fólgin í kaffidrykkju og spjalli um daginn og veginn. 31,3% segja samskiptin fólgin í samræmingu á akstri barna, 30,5% í útivist og 26% segir þau snúast um íþróttaiðkun. Aðeins 3,8% svarenda segja að samskipti foreldra séu fólgin í því að hittast og ræða markvisst um uppeldismál (Mynd 9).



Mynd 9: Samskipti foreldra við vini barns.

Tafla 2: Heimsókn í skóla.

	Tíðni	*%*
Alltaf	103	78,6
Mjög oft	21	16,0
Stundum	5	3,8
Samtals	129	98,5
Svarar ekki	2	1,5
Alls	131	100

Mikill meirihluti foreldra taldi sig vera velkominn í skólann en 103 svarendur (78,6%) svöruðu því til að þeir teldu sig alltaf velkomna í skólann en 21 (16%) sögðust telja sig mjög oft velkomna. Enginn svaraði því til að hann teldi sig óvelkominn í skólann (Tafla 2). Þegar foreldrar/ forráðamenn voru beðnir um að taka afstöðu til þess hvernig þeir teldu sig geta sinnt samskiptum við skóla vegna skólagöngu barns kváðust 80 svarendur (63,5%) sig geta sinnt því vel vegna þess að þeim finndist það mikilvægt. 60 svarendur (47,6%) töldu sig hafa áhuga á að sinna samskiptum við skólann og 56 (44,4%) töldu auðvelt að eiga samskipti við skólann vegna jákvæðs viðmóts frá honum. Aðeins 15 svarendur (11,9%) töldu sig ekki geta sinnt samskiptum við skóla nógu vel vegna vinnu sinnar og einungis einn taldi sig ekki geta gert það vegna neikvæðs viðmóts skóla.

26 (19,8%) svarendur sögðust taka þátt í áætlanagerð með kennara en það virtist einkum vera fólgið í því að kynna sér áætlun kennara, mæta á foreldrafundi, gera sérnámskrá, fylgjast með einhverju tilteknu hjá barni sínu og skipuleggja heimanám

með kennara. Hins vegar sögðust 100 (76,3%) ekki gera það og þar af tiltók 51 að það væri ekki í boði, mörgum fannst áætlunin góð og treystu kennaranum en nokkrir höfðu þó reynt að hafa áhrif en fannst kennarinn ekki móttækilegur (Mynd 10).



Mynd 10: Þátttaka foreldra í áætlanagerð skóla.

Tafla 3: Samræmi milli foreldra og skóla.

	Tíðni	*%*
Mjög mikið	14	10,7
Mikið	64	48,9
Nokkuð	34	26,0
Ekki mikið	5	3,8
Alls ekki	1	0,8
Alls	118	90,1
Svarar ekki	13	9,9
	131	100

Almennt virðast foreldrar líta svo á að kröfur skóla til barnsins sambærilegar kröfum þeirra til þess. 55 svarendur (42%) töldu þær mjög sambærilegar, 72 (54%) nokkuð sambærilegar og einungis 2 eða 1,5% svarenda töldu þær ekki sambærilegar. Yfir helmingur foreldra segir skólann taka mjög mikið eða mikið mið af væntingum sínum um skólastarf barnsins. Aðeins 6 svarendur (4,6%) töldu skólann ekki taka mikið mið af væntingum sínum eða alls ekki (Tafla 3).

85 (64,9%) foreldrar sögðust styðja aðra foreldra í að ala upp börn og gerðu það einkum með því að deila þekkingu og reynslu, hvetja, gefa góð ráð og virða reglur hvers annars. Þeir sem ekki studdu aðra foreldra töldu það ekki vera í sínum verkahring og höfðu nóg með sín börn (Mynd 11).



Mynd 11: Stuðningur foreldra við aðra foreldra.

Flestum, eða 109 (83,2%) svarendum finnst skólinn eigi að taka þátt í uppeldi barna og 96 (73,3%) segja að lögreglan eigi að taka þátt. Margir árétta þó að ábyrgðin sé fyrst og fremst í höndum foreldranna. 70 (53,4%) svarendur segja að félagsmála-yfirvöld eigi að taka þátt í uppeldi barnanna, 65 (49,6%) heilsugæslan og 53 (40,5%) að kirkjan eigi að taka þátt.

Þegar spurt er álits á því hvort þessar stofnanir taki ábyrgan þátt í uppeldi barnanna verður niðurstaðan önnur (Mynd 12)



Mynd 12: Afstaða foreldra til þátttöku einstakra stofnana í uppeldi barna.

39,7% svarenda segir skólann taka ábyrgan þátt í uppeldinu, 4,6% segir heilsugæsluna gera það, 19,1% lögregluna 3,8% félagsmálayfirvöld og 10,7% segja kirkjuna taka ábyrgan þátt. Yfir helmingur svarenda virðist ekki mjög ákveðinn í afstöðu sinni og segir stofnanirnar taki að einhverju leyti ábyrgan þátt í uppeldi barnanna. Ánægja virðist vera með Stig af Stigi og lífsleikni námsefnið. Annað sem fólki líkar í skólanum er þáttur hans í að hafa skýrar reglur sem þarf að fylgja, hafa aga og þjálfa samskipti, samvinnu og félagslega færni. Starf lögreglunnar virtist að mati foreldra einkum vera umferðarfræðsla, eftirlit með útivistartímum og hjálmanotkun. Sumir vildu að lögreglan fylgdi ýmsu betur eftir, t.d. með því að tala við börnin á förnum vegi um hjálmanotkun o.fl.

92% foreldra telja sig mjög vel eða vel í stakk búna til að ala barn sitt upp. 89 (67,9%) foreldrar/forráðamenn voru þó hlynntir stuðningi í einhverjum þætti sem varðaði foreldrahlutverkið. Flestir vildu stuðning í að byggja upp sjálfstraust (47,3%) og að bregðast við einelti (45%), þá að fræðast um námstækni (35,9%), efla tilfinninga-þroska (35,1%) og styrkja samskiptahætti (35,1%)(Mynd 13).



Mynd 13: Þættir í uppeldi sem foreldrar óska eftir stuðningi við.

Í svörum kom fram ósk um stuðning varðandi almenna lífsleikni sem næði yfir flest það sem upp var talið í svarmöguleikum eða almenna foreldrafræðslu.

Þegar fólk var spurt í hvaða formi þau vildu fá stuðning kváðust 60 (45.8%) vildu fá hann í formi fyrirlestra. Tæplega 44 (33.6%) vildu stuðninginn í námskeiðsformi og 42 (32.1%) með persónulegri ráðgjöf (Mynd 14).



Mynd 14: Form á stuðningi við foreldra.

Ef litið er til þess hversu margir eru fylgjandi því að fá stuðning má ætla það gefa til kynna að foreldrar séu sér mjög meðvitaðir um ábyrgð sína. Ekki er að sjá neina marktæka fylgni milli menntunar og óska foreldra um stuðning í einhverjum þætti

sem varðar foreldrahlutverkið og því má ályktа að ósk foreldranna sé óháð menntunarstöðu og segi því nokkuð um mikilvægi þessa.

3.1 Samantekt

Meginniðurstaða greiningarinnar er sú að þörf er á að styrkja tengsl milli foreldra og móta sameiginlega sýn til uppeldis og þeirrar umgjarðar sem foreldrar vilja setja börnum sínum. Athyglisvert er í niðurstöðum þarfagreiningarinnar að samskipti foreldra eru tiltölulega lítil og tilviljanakennd. Jafnframt er mikilvægt að efla tengsl foreldra og skóla. Í því sambandi má velta fyrir sér hvort skólinn geti ekki stuðlað að markvissri umræðu meðal foreldra um uppeldismál með því að skapa þeim aðstæður til að hittast. Foreldrafundir eða samkomur virðast oftar mótast af því að skólinn komi skilaboðum til foreldra en að foreldrar fái tækifæri til að kryfja tiltekin viðfangsefni. Hér mætti skoða hvort foreldrafélög skólanna gætu ekki haft ákveðna forystu. Þá er mikilvægt að skólinn og aðrar stofnanir samfélagsins komi ákveðnar að því starfi að miðla fræðslu til foreldra og ráðgjöf um uppeldismál. Þannig yrði uppeldishlutverk stofnananna gert sýnilegra og markvissara og foreldrum ljósara hvers af þeim megi vænta. Í niðurstöðum greiningarinnar kemur fram að þrátt fyrir að 92% foreldra telja sig mjög vel í stakk búna til að ala barn sitt upp eru það tæp 70% foreldra sem hlynntir eru því að fá stuðning í einhverjum þætti er varðaði foreldrahlutverkið. Þetta verður að telja svo afgerandi afstöðu að ekki er hægt að víkjast undan því að mæta henni með einhverjum hætti og mikilvægt að virkja þekkingarstofnanir samfélagsins til þessa verkefnis.

4 Forvarnarstarf

Almennt virðist skilningur vera að aukast á hættunni sem stafað getur af andfélagslegri hegðun og hegðunarerfiðleikum í fari barna og unglinga. Víða er þess freistað að vinna markvisst og á fyrirbyggjandi hátt í þessum málefnum til að bæta líðan og námsárangur nemenda og eru margar aðferðir og stefnur í gangi. Hér verður lítillega gerð grein fyrir fjórum stefnum sem notaðar eru víða um heim og þar af tvær á Íslandi.

Fyrst skal nefna foreldrafærniþjálfun (*Parent Management Training*). Upphafsmaður meðferðarúrræðisins er sálfræðingurinn Patterson í Oregon í Bandaríkjunum. Þróunin hefur staðið yfir í um 37 ár. Búið er að aðlaga þjálfunina norskum aðstæðum og hún er notuð á einum stað á Íslandi, í Hafnarfirði. Með aðferðinni er stefnt að því að auka foreldrafærni og unnið er út frá styrkleikum foreldranna. Haft er að leiðarljósi að foreldrar séu bestu kennarar og mótunaraðilar barna sinna og uppeldisaðferðir þeirra séu lykilatriði þegar breyta á hegðun barna. Ekki er unnið með foreldra allra barna heldur einungis þeirra barna sem talin eru vera í áhættuhópi og eru börnin skimuð á heilsugæslu og í grunnskóla. Foreldrar eru þjálfaðir í kerfisbundinni hvatningu, jákvæðri samveru og afskiptum, sanngjörnum afleiðingum óæskilegrar hegðunar, góðu eftirliti og færni við lausn vandamála. Foreldrar barna sem sýna veruleg frávik í hegðun fá einstaklingsfræðslu. Foreldrar hitta meðferðaraðila og fá hópfræðslu vikulega í um það bil 10-20 skipti, einnig er veittur stuðningur með símtölum og heimaverkefnum. Mikið er lagt upp úr hlutverkaleikjum í meðferðartímum. Unnið er með foreldra 4-8 ára gamalla barna því gengið er út frá því að því fyrr sem gripið sé inn í, því meiri líkur séu á því að fyrirbyggja alvarlega hegðunarerfiðleika og fækka einstaklingum sem eru sjálfum sér og umhverfinu hættulegir. Foreldrafærniþjálfun virðist í um það bil 70 % tilvika draga verulega úr hegðunartruflunum barns í skóla og á heimili. Einnig virðist þjálfunin hafa jákvæð áhrif á námsárangur og samskipti innan fjölskyldu (Margrét Sigmarsdóttir 2001:5 og 2002:20-23).

Uppbyggingarstefna (*Restitution*) er upprunnin í Kanada og hefur upphafsmaður aðferðarinnar Diane Gossen þróað hana síðustu 20 ár. Mest hefur verið unnið eftir aðferðum hennar í Kanada og í Bandaríkjunum en nú síðustu ár einnig í Foldaskóla í Reykjavík. Uppbyggingarstefnan felst í því að kenna börnum og unglingum að beita sjálfsaga í samskiptum við aðra. Stefnan setur umbun og refsingu

upp sem andstæður uppbyggingar. Agi uppbyggingar er innri kraftur, sjálfsagi, byggður á lífsgildum fremur en reglum. Markmiðið með uppbyggingu er að kenna barni að meta hegðun sína sjálft, án ótta og skapa skilyrði fyrir æskufólk til að hugsa um hvernig manneskja það vill verða. Markmið einstaklingsins er að geta stjórnað sjálfum sér og hegða sér í samræmi við hvað honum finnst rétt að gera. Reynt er að skapa skilyrði til umræðna sem hvorki eru ógnvekjandi né valda sektarkennd. Nemendur eru hvattir til að hugsa um þarfir sínar og annarra og hvernig hægt sé að koma til móts við þær. Unnið er að því að efla tilfinningaþroska, félagsfærni og siðvit. Fullorðnir jafnt sem börn velja sér sín eigin lífsgildi, skilgreina þau og hafa að leiðarljósi í samskiptum (Gossen 2002:7, 20-38 og 76). Markmið skólans er að skerpa á skilgreiningu skólans sem umhyggjusömu samfélagi þar sem einstaklingi gefst tækifæri á að leiðrétta mistök sín. Markmið samfélagsins er að efla lýðræði og samkennd og draga úr ofbeldi og öðrum glæpum, fíkniefnaneyslu og streitu. Allir nemendur (unglingar), foreldrar, kennarar og aðrir starfsmenn skólans velja sér lífsgildi að hafa í heiðri og vinna með þau og skilgreina. Unnið er að því að komast að samkomulagi um lífsgildi sem hafa skuli í heiðri og sett eru skýr mörk og reglur sem styðja gildin sem allir eru sammála um (Magni Hjálmarsson 2002:46). Þeir sem unnið hafa eftir þessari stefnu telja sig hafa orðið vara við minni streitu jafnt hjá börnum sem fullorðnum, öruggari framkomu og meiri gleði. Einnig fara einkunnir í bóklegum greinum hækkandi þegar tekist hefur að gera samskipti áreynslulítil og skólinn sinnir þörfum hvers og eins (Gossen 2002:7).

Samstarf heimilis, skóla og samfélags (*The Home, School, Community, Liaison Scheme, HSCL*) var hleypt af stokkunum víða á Írlandi árið 1990. Þátttakendur voru 30 kennarar sem samræmingaraðilar í 55 skólum. Síðan þá hefur starfið breiðst verulega út á Írlandi. Starfið byggir á samvinnu heimila og skólasamfélagsins. Markmiðið er að efla foreldrana sem kennara barna sinna í heimasamfélagi, að gera skólann að samfélagslegri hjálparhellu og þróa viðhorf og hegðun kennara þannig að skólinn verði staður þar sem öll börn nýti hæfileika sína til fulls. Unnið er með foreldra og kennara grunnskólabarna á öllum aldri. Við skólann eru starfandi samræmingaraðilar sem hafa yfirumsjón með náms- og félagslegum þörfum barna, kennara og foreldra og sjá til þess að efla og bæta þar sem þörf er á því og veita upplýsingar um þá þjónustu og hjálp sem samfélagið býður upp á. Samræmingaraðilinn hefur samband við foreldra sem hafa sérstakar þarfir, s.s. foreldra nýrra nemenda, foreldra sem hafa upplifað sérstaka erfiðleika og foreldra sem

aldrei láta sjá sig í skólanum. Foreldrum er t.d. boðið upp á fræðslu og þeir virkjaðir í skólastarfið, þeir hafa eigið herbergi eða stofu í skólanum þar sem þeir geta hist og rætt málin og gert sig heimakomna. Einnig fara foreldrar markvisst í heimsóknir til hvers annars og er hvatning lykilorðið í þeim heimsóknum. Viðhorf og hegðun varðandi samvinnu og skólanálgun er rædd og þróuð meðal kennara. Upplýsingar og vald er látið í hendur þeirra sem tengjast barninu best, þ.e. foreldrunum. Áherslan er lögð á að ná til foreldra barna með flóknar samfélagslegar, tilfinningalegar og heilsufarslegar þarfir sem hindra þau í námi. Unnið er að því að styrkja foreldrana sem einstaklinga og þá í leiðinni í foreldrahlutverkinu. Samræmingaraðilinn myndar samband við hinar ýmsu stofnanir samfélagsins og gengið er út frá því að á sama hátt og skólinn er mikilvægur brunnur fyrir samfélagið þá á samfélagið að þjóna skólanum. Í sameiningu geta þessar stofnanir áorkað einhverju til betri vegar. Árangur starfsins er metinn með viðtölum við foreldra og fram hefur komið að foreldrar sem sótt hafa námskeið í skólanum finnst þeir hafa styrkst sem foreldrar (Contany 2000:39-46).

Samfélög sem sýna umhyggju (*Communities that Care, CtC*) er forvarnarstarf gegn glæpum, vímuefnaneyslu og sjálfsvígum og á upphaf sitt að rekja til David Hawkins og Richard Catalano í Washington í Bandaríkjunum í kringum 1990. Nú er unnið með CtC í Bandaríkjunum, Bretlandi, Ástralíu og Hollandi en gert er ráð fyrir að hvert samfélag sem vinnur í anda þeirra endurskoði og meti hvernig best henti að vinna við þeirra aðstæður. Unnið er að því að greina áhættuþætti í lífi unglinga og styrkja verndandi þætti í lífi þeirra. Markmiðið er að minnka áhættuþætti og auka verndandi þætti í umhverfinu, þ.e. í samfélaginu, skólum, hjá fjölskyldum og í jafningjahópum. Íhlutun á sér stað á mörgum sviðum, m.a. námskrá, skólastofu, skólanum í heild og samfélaginu og unnið er markvisst að því að styrkja böndin milli fjölskyldumeðlima, við kennara og aðra samfélagslega ábyrga fullorðna og vini. Foreldrum unglinga er boðið upp á námskeið í foreldrafærni, s.s. að leysa vandamál og þeim veittur samfélagslegur stuðningur. Á upplýsingakvöldum fyrir foreldra og í fréttabréfum frá skólanum er öllum foreldrum boðin þátttaka. Um það bil 10 % foreldra taka þátt en það hefur sýnt sig að þátttaka þessara foreldra hefur einnig jákvæð áhrif á börn og fjölskyldur sem ekki taka þátt. Nemendur í skólum þar sem unnið er eftir aðferð samfélaga sem sýna umhyggju segjast njóta meiri móðurumhyggju, deilur við foreldra séu færri, þeir noti minni vímuefni og fremji

færri afbrot en þeir nemendur þar sem ekki er unnið eftir þessari stefnu (Toumbourou 1999:2; Beinart o.fl. 2002:8; Toumbourou o.fl. 2002:277-282).

5 Lokaorð

Eins og fram hefur komið hér að framan er víða unnið að þessum málum en með mismunandi áherslum. Þegar ákveðið var að vinna með þessi mál á Akureyri var ekki talið ráðlegt að taka upp eitthvert tiltekið módel sem notað hefði verið í öðrum samfélögum því aðstæður eru ekki endilega þær sömu. Því var frekar horfið að því ráði að skoða hvað hefði verið gert annars staðar og með það í huga að nýta sér hugmyndir þaðan sem hentað gætu aðstæðum en þróa eigin aðferð sem væri sniðin að þörfum þess samfélags sem vinna ætti í. Talið var heillavænlegast að byrja í grasrótinni, hjá foreldrunum, en ekki koma með fyrirskipun frá skólunum um að nú teldu þeir tíma til kominn til að gera eitthvað í þessum málum og foreldrarnir yrðu að vinna eftir þeirra ákvörðun. Með því að virkja foreldrana og fá þá til að koma með ábendingar og greina frá þörfum sínum og síðan fá kennarana í skólunum og aðrar stofnanir samfélagsins sem við ættu til að mæta þörfum þeirra er vonast til að unnið verði með vandann þar sem hann er mestur og að sú vinna skili bestum árangri. Hugmyndin er að úr þessu verði til módel sem mætti nota annars staðar síðar.

Með hliðsjón af þeim rannsóknum sem gerðar hafa verið í þessu sambandi og niðurstöðum könnunarinnar s.l. vor er gert ráð fyrir að þróa vinnumódel einkum út frá tveimur aðferðum sem greint er frá hér að framan. Það er annars vegar samstarf heimilis, skóla og samfélags *(The Home, School, Community, Liaison Scheme, HSCL)* og hins vegar samfélaga sem sýna umhyggju *(Communities that Care, CTC).* Stefnt er að því gera skólann að samfélagslegri hjálparhellu, styrkja böndin milli fjölskyldna, skóla og annarra ábyrgra stofnana samfélagsins, bjóða foreldrum upp á fræðslu og veita þeim félagslegan stuðning. Gert er ráð fyrir að skólarnir, kirkjan, félagsþjónusta, heilsugæsla og lögregla í samvinnu við Akureyrarbæ standi fyrir námskeiðum, fyrirlestrum og ráðgjöf til foreldra ásamt því að endurmeta starfshætti sína með það að markmiði að styðja sem best við uppeldi og uppvöxt barna.

Í umsókn til Þróunarsjóðs grunnskóla var sótt um talsverða fjárhæð til að vinna að verkefni þessu. Aðeins hluti þeirrar upphæðar fékkst til verkefnisins og því hefur verkefninu miðað hægar en til stóð. Áhersla var lögð á að ljúka tveim fyrstu verkþáttunum þ.e. undirbúningi og þarfagreiningu. Á grundvelli þeirra upplýsinga verður verkefninu haldið áfram og fjármögnunar leitað til þess með öðrum hætti.

Deleted: ¶

6 Heimildir

Baldur Kristjánsson. 2003. Börn og barnafjölskyldur í skugga nútímavæðingar. Vefslóð: http://www.visindavefur.hi.is/malstofa_baldur-k.html (5. júní 2003).

Baumrind, Diana. 1991. The Influence of Parenting Style on Adolescent Competence and Substance Use. *Journal of Early Adolescence* 11,1:56-95.

Bee, Helen. 2000. *The Developing Child*. Boston, Allyn and Bacon.

Beinart, S., B. Andersson, S. Lee, D. UttingUtting. 2002. *Youth at risk? A national survey of risk factors, protective factors and problem behaviour among young people in England, Scotland and Wales.* London, Communities That Care.

Bloom, B. S. 1986. The home environment and school learning. The study Group on the National Assessment of Student Achievement. *The nation's report card.*

Conaty, Concepta. 2000. *The Home School, Community Liaison scheme*. Dublin, Institute of Guidance Counsellors.

Doyle, W. 1986. Classroom Organization and management. *Handbook of research on teaching*, (ritsjóri M. Wittrock), bls. 392-431. New York, Collier Macmillan Publishers.

Eggen, Paul og Don Kauchak. 2001. *Educational Psychology. Windows on Classrooms.* New Jersey, Merrill Prentice Hall.

Elísabet Svavarsdóttir og Ólafur Guðmundsson.1996. *Samstarf heimila og skóla. Áherslur og leiðir*. [Kópavogi], Kópavogsskóli.

Epstein, J. L. 1995. School/Family/Community Partnerships, Caring for the Children We Share. *Phi Delta Kappan*, 76,9:701-712.

Fjölskyldudeild Akureyrarbæjar. 2003. Vefslóð: http://www3.akureyri.is/thonusta/born/fjolskyldudeild/ (17. september 2003).

Frönes, I. 1994. Dimensions of Childhood. *Childhood Matters, social theory, practice and politics* (ritstj. J. Qvortrup, M. Bardy, G. Sgritta og H. Winterberger), bls. 145-164. Aldershot, Avebury.

Fullan, Michael and Suzanne Stiegelbauer. 1991. *The New Meaning of Educational Change*. London, Cassel.

Goleman, D. 2000. *Tilfinningagreind.* Þýðandi Áslaug Ragnars. Reykjavík, Iðunn.

Gossen, D. 2002. *Uppeldi til ábyrgðar*, íslensk þýðing Magni Hjálmarsson. Reykjavík, Sunnuhvoll.

Grolnick, W., C. Kurowski og S. Gurland. 1999. Family Processes and the Development of Children's Selfregulation. *Educational Psychologist* 34,1:3-14.

Guðrún Jónsdóttir og Sigurður Snævarr. 1987. Byggð og umhverfi. *Ísland 2010: Gróandi þjóðlíf*, bls. 151-219. Reykjavík, Framkvæmdanefnd um framtíðarkönnun á vegum Forsætisráðuneytis.

Hickman, C. W., G. Greenwood og M. D. Miller. 1995. High School Parent Involvement: Relationship with Achievement, Grade level, SES, and Gender. *Journal of Research and Development in Education* 28,3:125-134.

Jón Björnsson. 1994. Hin óopinbera fjölskyldustefna hins opinbera. *Fjölskyldan uppspretta lífsgilda* (ritstjóri Ingibjörg Broddadóttir), bls. 111-120. Reykjavík, Félagsmálaráðuneytið.

Kristín Aðalsteinsdóttir. 2002. Fleira en augað sér og eyrað nemur. *Glæður, tímarit íslenskra sérkennara* 12,1:8-12.

Magni Hjálmarsson. 2002. Uppbyggingarstefna í skólastarfi. *Glæður, tímarit íslenskra sérkennara* 12,2:45-47.

Margrét Sigmarsdóttir. 2001. *PMT foreldrafærniþjálfun. Parent Management Training. Meðferðarúrræði fyrir foreldra barna sem eiga í hegðunarerfiðleikum.* Hafnarfjörður, Samstarfshópur stofnanna í Hafnarfirði; Skólaskrifstofu, Félagsþjónustu og Heilsugæslu.

Margrét Sigmarsdóttir. 2002. PMT meðferð fyrir foreldra barna með hegðunarerfiðleika. *Glæður, tímarit íslenskra sérkennara* 12,2:18-23.

Nýja barnið. 2003. Vefslóð: http://www3.akureyri.is/thonusta/heilsugaesla/heilsugaesla-akureyri/nr/82

(17. september 2003)

Pelletier, J. og M. Brent. 2002. Parent Participation in Children' School Readiness: The Effects of Parental Self-Efficacy, *Cultural Diversity and Teacher Strategies. International Journal of Early Childhood* 34,1:45-60.

Sigrún Aðalbjarnardóttir og Leifur Geir Hafsteinsson. 1998. Tóbaksreykingar reykvíska ungmenna. Tengsl við uppeldishætti foreldra og reykingar foreldra og vina. *Uppeldi og menntun. Tímarit Kennaraháskóla Íslands* 7:83-98. Reykjavík, Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Sigrún Júlíusdóttir. 2003. Foreldrahlutverk og réttur barna til sinnu og samveru. Vefslóð: http://www.visindavefur.hi.is/malstofa_sigrun-j.html (5. júní 2003).

Sigrún Sveinbjörnsdóttir. Óbirt 2003. Bjargráð unglinga. Væntanlegt í næsta tölublaði af tímaritinu *Glæður, tímariti íslenskra sérkennara.*

Strage, A. og T. Brandt. 1999. Authoritative Parenting and College Student's Academic Adjustment and Success. Journal og Educational Psychology, 91,1:146-156. Vefslóð: http://gateway2.ovid.com/ovidweb.cgi (2. apríl 2003).

Svandís Nína Jónsdóttir, Hera Hallvera Björnsdóttir, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir. 2002. *Vímuefnaneysla ungs fólks á Akureyri 2002*. Reykjavík, Rannsóknir & greining.

Tombourou, John. 1999. *Implementing Communities That Care in Australia: A Community Mobilisation Approach to Crime Prevention.* Canberra, Australian Institute of Criminology.

Toumbourou, J. og Elizabeth Gregg. 2002. Impact of an Epowement-based Parent Education Program on the Reduction of Youth Suicide Risk Factor. *Journal of Adolescent Health* 31:277-285.

Wang, M.C., G. D. Haertel og H. J. Walberg. 1990. What Influences Learning? A Content Analysis of Review Literature. *The Journal of Educational Reacearch* 84,1:30-43.

Wentzel, K. 1999. Social Influences on School Adjustment: Commentary. *Educational Psychologist* 34,1:59-69.

Þóroddur Bjarnason, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, Þórólfur Þórlindsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Gunnar Bernburg. 2000. *Umfang ofbeldis meðal íslenskra unglinga og félagslegir skýringarþættir þess.* Reykjavík, Rannsóknir og greining.

Þórólfur Þórlindsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Gunnar Bernburg og Viðar Halldórsson. 1998. *Vímuefnaneysla ungs fólks. Umhverfi og aðstæður*. Reykjavík, Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála.